

**Nd.**

**221. Nefndarálit**

um frv. til laga um hvalveiðar.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið á eitt mál sátt um frumvarpið. Leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum.

Það er alkunnugt, að hrefnuveiðar hafa töluvert verið upp teknar á síðari árum, þrátt fyrir það, að hrefnan er án efa friðuð eftir nágildandi lögum. Ekki mun hafa þótt ástæða til að amast við þessum veiðum þar, sem þær hafa verið stundaðar, enda hafa engar kærur fram komið, og þykir því sjálfsagt að haga svo löggjöfinni um hvalveiðar, að veiði þessi verði hjer eftir lögleg.

Rjett þykir, að sjerleyfi sje eingöngu veitt þeim íslenskum ríkisborgurum, sem búsettir eru hjer á landi.

Ákvæði 4. gr. um skaðabótaskyldu sjerleyfishafa eru óþörf, því engin ástæða er til, að aðrar reglur gildi um skaðabótaskyldu hvalveiðamanna en annara. Eru ákvæði 4. greinar og svo ónákvæm, að breyta þyrfti, ef greinin ætti að standa.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með svofeldum

**BREYTINGUM:**

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »Allir skíðishvalir« í upphafi greinarinnar komi:  
nema hrefnur.
2. Við 2. gr. Síðasta málsgrein greinarinnar orðist svo:  
Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar, sem búsettir eru hér á landi,  
einir fengið.
3. Við 4. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 23. mars 1925.

Ásgeir Ásgeirsson,  
form. og frsm.

Aug. Flygenring.

Sigurjón Jónsson.

Jakob Möller,  
fundaskrifari.